



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á þingi Nordens Kvinneforbund  
Akureyri  
19. júní 2008**

Virðulegu þingfulltrúar.

Mér er það mikill heiður að ávarpa þing ykkar með yfirskriftinni *Männern med i kampen till jämställighet — Fleiri karla í kvennaliðið* og fjalla um hvernig staða kvenna og jafnréttisbaráttan hafa áhrif á þróun samfélags okkar og veraldarinnar, skipta sköpum um árangur á mikilvægum tímabilum.

Það hefur löngum verið áhrifaríkt ráð í jafnréttisbaráttunni að ekki megi láta verulegan hluta af starfskröftum kvenna, hálfmannkyns, nýttast illa á vettvangi samfélags og atvinnulífs. Á vissum skeiðum sögunnar, svo sem í heimsstyrjöldum 20. aldar, hefur þetta orðið sérstaklega augljóst, enda alkunn afrekin sem konur unnu í atvinnulífi á stríðsárunum. Nú á dögum stendur Evrópa ekki í ljósum logum en þörfin fyrir vinnuframlag og gáfur allra íbúa án tillits til kynferðis er ekki síður mikilvæg.

Mannkynið glímir nú við umhverfisógn af völdum loftslagsbreytinga sem geta haft skelfilegar afleiðingar; ískyggileg tíðindi berast um fjármálakreppu, efnahagslægð vegna síhækkandi verðs á matvælum og olíu. Þjóðirnar munu í framtíðinni ekki geta hallað sér aftur makindalega í trausti þess að engin þörf sé fyrir breytingar. Vandamálin eru af slíkri stærð að nýta þarf öll tiltæk ráð, alla tiltæka hæfileika til að ráða bót á þeim.

Við slíkar aðstæður ætti sannarlega að vera unnt að efla skilning karla á nauðsyn kynjajafnréttis, að fá „fleiri karla í kvennaliðið“.

Við Íslendingar minnumst gjarnan hinna sterku kvenna sem sagt er frá í fornum sögum, svo sem Hallgerðar langbrókar í Njáls sögu sem refsaði bónda sínum, hetjunni Gunnari á Hlíðarenda, svo grimmilega fyrir

að hafa lagt á sig hendur; skýr skilaboð frá landnáms tíð um höfnun heimilisofbeldis; reyndar máttu þau varla skýrari vera því eins og kunnugt er var afleiðingin sú að óvinirnir drápu Gunnar.

Þó að íslenskar konur hafi á miðöldum engan veginn notið jafnréttis á við karla, þá kemur fram í Íslendingasögum að það var skilnaðarsök að berja konu sína og skömm þótti að beita frjálsa konu ofbeldi nema þegar menn lögðust í víking og herjuðu í öðrum löndum.

Fullyrt hefur verið að staða kvenna hafi á þessum tímum verið góð á Íslandi í samanburði við grannlöndin. Konur máttu nema land upp á sitt eindæmi eins og Auður djúpúðga gerði á Vesturlandi. Auk þess voru tugir kvenna í hópi nafngreindra landnámsmanna Íslands fyrir ellefu öldum. Þeirra á meðal var Þórunn Ketilsdóttir sem nam land hér í Eyjafirði en hún var reyndar systir Auðar. Þá má minna á Guðríði Þorbjarnardóttur sem fyrir þúsund árum ól fyrsta barnið af evrópskum ættum í Ameríku og hefur verið nefnd víðförlasta kona miðalda enda var hún fyrsta persóna veraldarsögunnar til að heimsækja bæði Róm og Ameríku — og það um 500 árum áður en Kristófer Kólumbus birtist á vettvangi.

Við Íslendingar höfum verið stoltir af áföngum sem náðust á liðinni öld í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Hér fengu konur snemma kosningarétt til jafns við karla. Á Íslandi margfaldaðist fjöldi kvenna í sveitarstjórnnum á síðasta þriðjungi 20. aldar og nú lætur nærri að þriðji hver sveitarstjórnarmaður sé kona. Þá er athyglisvert að hlutfallslega fleiri íslenskar konur hafa háskólapróf en karlar í aldursþópnum 25-64 og í meira en 20 ár hafa fleiri konur stundað háskólanám á Íslandi en karlar. Það er athyglisvert í ljósi þess að ekki eru nema 104 ár frá því að stúlkum var fyrst heimilað að setjast í menntaskóla.

Við Íslendingar teljum okkur það líka til tekna að hafa orðið fyrst þjóða til að kjósa konu forseta í almennum kosningum, Vigdísí Finnbogadóttur sem tók við embættinu árið 1980. Þegar minnst er á þjóðhöfðingja má benda á að Norðurlandþjóðirnar hafa reyndar fróðlega jafnréttissögu í þeim efnum. Sú var tíðin að fyrsti sameiginlegi þjóðhöfðingja allra Norðurlandþjóðanna var einmitt kona, Margrét I, auk þess sem við höfum nú tvær merkar konur á þjóðhöfðingjastóli, þær Margréti II í Danmörku og Tarja Halonen í Finnlandi.

Á síðustu árum hafa Norðurlandþjóðirnar gengið á undan öðrum með setningu laga um fæðingarorlof beggja foreldra. Þau lög hafa að flestra dómi haft veruleg áhrif til að jafna aðstöðu kynjanna á atvinnumarkaði. Ég hef orðið var við að fólki víða um veröld þykir lögin og reynslan af þeim mjög athyglisverð.

Við bindum líka miklar vonir við að nú eiga Norðurlandþjóðirnar og Eystrasaltsríkin með sér markvisst samstarf um jafnréttismál. Þar er efst á baugi baráttan gegn vændi, mansali og ofbeldi gegn konum, auk þess sem áhersla er lögð á jafnrétti á vinnumarkaði. Þessi viðfangsefni eru afar brýn og aðkallandi.

Á heimsvísu er ekki að efa að mikilvægt er að greiða götu kvenna út á vinnumarkaðinn. Þátttaka á þeim vettvangi skiptir miklu máli fyrir hagsæld ríkja, sjálfstraust kvenna og viðgang lýðræðis. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er með því mesta sem þekkt. Samanlögð atvinnuþátttaka beggja kynja er hér komin á það stig að margir eru uggandi um velferð barna við slíkar aðstæður. Ung hjón spyrja sig í vaxandi mæli hvaða áhrif það hafi á börnin ef þau bæði keppi jafnt eftir starfsframa.

Í baráttunni fyrir aukinni atvinnuþátttöku kvenna hafa sumir fallið í þá gryfju að gera lítið úr hefðbundnum en oft ólaunum störfum kvenna að umönnun og uppeldi. Á síðari árum hefur það sjónarmið komið betur fram að þessi hefðbundnu og nauðsynlegu störf beri að virða að verðleikum.

Norræna kvenfélagasambandið hefur gegnt mikilvægu hlutverki gegnum tíðina við að halda hinu hefðbundna hlutverki á lofti, ekki í því skyni að sporna við atvinnuþátttöku kvenna, heldur til að auka virðingu fyrir og skilning á ýmsum verkum sem unnin voru kauplaust á fyrri tíð og eru að hluta til ennþá.

Það er á vissan hátt eðlilegt framhald af hinum hefðbundnu verkefnum kvenna að konur fjölmenni nú í atvinnustéttir sem snúa að umönnun í víðum skilningi; konur verða kennarar, læknar, hjúkrunarfræðingar, svo minnt sé á starfsstéttir þar sem þær eru fjölmennar og jafnvel í meirihluta. Ef gert er lítið úr uppeldisstörfum heimavinnandi kvenna er hættan sú að einnig sé lítið gert úr störfum sumra útivinnandi kvenna, svo sem kennara eða hjúkrunarfræðinga.

Norðurlönd geta að mörgu leyti verið stolt af framlagi sínu til baráttunnar fyrir jafnrétti kynjanna og víða um heim er vísað til hins norræna módelis. Það var þó ekki ætíð svo. Fyrir 170 árum kom út í Svíþjóð bók eftir Carl Jonas Love Almqvist, *Det går an*. Hún vakti mikla hneykslan. Þar lýsir söguhetjan Sara því fyrir unnusta sínum hvernig hún sjái fyrir sér hjúskaparsamband þeirra tveggja. Það verði byggt á jafnrétti og spyr svo: „Er slíkt hægt?“ Og pilturinn svarar: „Það er hægt“ (*Det går an*).

Okkur þykir það kannski ekki framsækið á okkar dögum að samþykki karlmanns þurfi fyrir jafnri stöðu í hjúskap en með þessum

einföldu orðum var sleginn tónn djarfrar bjartsýni fyrir tæpum tveimur öldum sem lengi hefur hljómað síðan: ef viljinn er fyrir hendi náum við árangri.

Við gætum rifjað upp verk margra annarra norrænna rithöfunda sem komið hafa við sögu jafnréttishreyfingarinnar. Nægir að minna á Ibsen sem vakti langvarandi og ákafar umræður með *Brúðuheimilinu* og Selmu Lagerlöf sem barðist fyrir kosningarétti kvenna og fékk sjálf Nóbelsverðlaun fyrir bókmenntir fyrst kvenna. Af íslenskum höfundum mætti nefna Svövu Jakobsdóttur, Jakobínu Sigurðardóttur og Auði Haraldsdóttur, sem hristu upp í íslenskum lesendum um líkt leyti og Vita Andersen sendi frá sér *Haltu kjafti og vertu sæt* í Danmörku — bók sem náði að vekja menn til umhugsunar með titlinum einum.

Framlag Norðurlanda í réttindabaráttu kvenna og áhrifin á samfélagssýn víða um veröld hafa verið margslungin; margir komið við þá sögu, tekið þátt í umsköpun norræns samfélags. Þar eiga Kvenfélagasamböndin stóran hlut og heiður skilinn. Þau hafa komið miklu góðu til leiðar með félagsstarfi sínu og málflutningi.

Ég óska ykkur til hamingju með þann árangur sem þið hafið náð og þakka mikilvægt framlag til að skapa betra og réttlátara samfélag.